



## Reglur Hörgársveitar um heimgreiðslur

### 1. gr.

Hörgársveit greiðir sérstakar heimgreiðslur til forráðamanna barna á aldrinum 12–18 mánaða sem ekki eru í leikskóla.

Heimgreiðslur eru greiddar frá þeim degi sem barn nær 12 mánaða aldri og falla niður þegar barn nær 18 mánaða aldri eða hefur leikskólagöngu, hvort sem kemur fyrir.

Réttur til heimgreiðslna samkvæmt þessari grein er óháður því hvort barn hafi fengið boð um leikskólapláss eða sé á biðlista eftir leikskólavist.

### 2. gr.

Hörgársveit greiðir jafnframt sérstakar heimgreiðslur til forráðamanna barna eldri en 18 mánaða ef ekki er laust leikskólapláss fyrir barnið í sveitarfélaginu.

Sækja þarf sérstaklega um greiðslur samkvæmt þessari grein. Hafi forráðamenn áður fengið greiddar heimgreiðslur samkvæmt 1. gr. skal umsókn endurnýjuð.

Skilyrði fyrir greiðslum samkvæmt þessari grein er að barn sé á biðlista eftir leikskólapláss.

Heimgreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður þegar barn fær boð um leikskólagöngu.

### 3. gr.

Heimgreiðslur samkvæmt reglum þessum eru greiddar ellefu mánuði á ári.

Ekki eru greiddar heimgreiðslur fyrir júlímánuð.

Heimgreiðslur nema 220.000 kr. á mánuði fyrir hvert barn.

### 4. gr.

Barn og a.m.k. einn forráðamaður þess skulu hafa haft lögheimili og fasta búsetu í Hörgársveit í a.m.k. þrjá mánuði áður en réttur til heimgreiðslna stofnast.

Við flutning barns eða þess forráðamanns sem á grundvelli búsetu uppfyllir skilyrði þessarar greinar úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

### 5. gr.

Sækja skal um heimgreiðslur á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Hörgársveitar.

### 6. gr.

Heimgreiðslur eru greiddar eftir á frá næstu mánaðamótum eftir að barn hefur náð tilskyldum aldri. Umsókn um heimgreiðslur þarf að berast fyrir 25. dag mánaðar fyrir komandi mánaðamót. Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.

### 7. gr.

Hörgársveit áskilur sér rétt til að skuldajafna samþykktum heimgreiðslum á móti gjaldföllnum og eldri skuldum forráðamanna/manns við sveitarfélagið.

Hafi skuldajöfnun farið fram skal forráðamaður/menn fá tilkynningu þess efnis.



8. gr.

Forráðamönnum ber að upplýsa Hörgársveit tafarlaust um breytingar á högum sínum eða barns sem kunna að hafa áhrif á rétt til heimgreiðslna eða fjárhæð þeirra.

Verði um ofgreiðslu heimgreiðslna að ræða áskilur Hörgársveit sér rétt til að krefjast endurgreiðslu.

9. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega við gerð fjárhagsáætlunar eða oftar ef tilefni er til.

Reglur þessar taka gildi 16.6.2026.